

## GJALDSKRÁ

**vegna hundahalds í Akureyrarkaupstað.**

1. gr.

*Skráningargjald hunda.*

Við skráningu hunds skal greiða skráningargjald kr. 10.000.

2. gr.

*Eftirlitsgjald hunda.*

Árlega skal greiða eftirlitsgjald vegna hunds kr. 9.000.

3. gr.

*Undanþága vegna björgunarsveitar- og hjálparhunda.*

Björgunarsveitar- og hjálparhundar eru undanþegnir eftirlitsgjaldi, en eru eftir sem áður skráningarskyldir.

4. gr.

*Gjald vegna handsömunar.*

Við afhendingu handsamaðs hunds ber að innheimta gjald sem hér segir:

Við afhendingu óskráðs hunds kr. 10.000.

Við afhendingu skráðs hunds ef gjald er í skilum kr. 5.000.

Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi hunds þ.m.t. útkall dýraeftirlitsmanns, fóðrun og auglýsingar skv. reikningi. Óskráða hunda má ekki afhenda fyrr en að lokinni skráningu.

5. gr.

*Afsláttur af eftirlitsgjaldi.*

Heimilt er að veita þeim hundaeigendum, sem sótt hafa námskeið viðurkennds hundapjálfara 50% afslátt af eftirlitsgjaldi, í eitt skipti fyrir hvern hund.

Gjaldskrá þessi er sett með tilvísun til heimildar í samþykkt um hundahald á Akureyri og ákvæða 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur niður gjaldskrá nr. 77/2011.

*Samþykkt í bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar, 3. mars 2011.*

F.h. Akureyrarkaupstaðar,

**Inga Þóll Þórgnýsdóttir** bæjarlögmaður.